

Samantekt

Eins og áður hefur komið fram réðst Reykjavíkurborg í aðgerðir til að auka kjörsókn í aðdraganda borgarstjórnarkosninga síðastliðið sumar. Aðkoma rannsakenda sneri að aðgerðum tengdum ungum kjósendum, en kjörsókn þessa hóps hefur lækkað mikið á undanförunum árum bæði hér á landi og erlendis. Samhliða var gert ráð fyrir að áhrif aðgerðana með hliðsjón af þessum hópi yrðu rannsökuð. Rannsakendur komu ekki að aðgerðum sem tengdust öðrum hópum.

Vinnsla með persónuupplýsingar (í þessu tilviki var um að ræða nöfn, heimilisföng og símanúmer sem nauðsynleg voru til að senda bréfpóst og smáskilaboð á unga kjósendur) þarf að byggja á heimild í lögum. Rannsakendur töldu að heimild væri til vinnslunnar skv. 8. gr. þágildandi persónuverndarlaga nr. 77/2000 um að vinnsla sé heimil ef hún telst nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Verkefnum í almannáþágu er lýst í athugasemdum við umrætt ákvæði í frumvarpi að lögnum sem „verkefni sem hafi þýðingu fyrir breiðan hóp manna og geti til dæmis átt við um vinnslu í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi.“

Þeir sem vinna með persónuupplýsingar þurfa að gæta að hagsmunum hins skráða enda var rík áhersla lögð á það við hönnun rannsóknarsniðsins. Það var einkum gert með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi var þess sérstaklega gætt að rannsóknarsniðið tryggði að útilokað yrði fyrir rannsakendur eða Reykjavíkurborg að komast að upplýsingum um hegðun einstaklinga. Þetta var gert með því að hanna rannsóknina þannig að öll tölfræðivinnsla yrði unnin með ópersónugreinanleg samtölugögn sem Hagstofan tekur saman sem hluta af sínu lögbundna hlutverki.

Í öðru lagi voru hagsmunir einstaklinga metnir, með tilliti til áhættu, mögulegs ávinnings og/eða skaða af rannsókninni. Annars vegar máttum við þessa þætti með hliðsjón af því að einstaklingar fengju bréf og var það mat okkar að möguleg áhætta þeirra af því að fá hvatningu til að mæta á kjörstað væri hverfandi. Hins vegar lögðum við mat á mögulega áhættu af því að einstaklingar fengju ekki bréf. Þar horfðum við til þess að slíkt væri í raun hlutlaust ástand ("default"), þar sem svo hafði verið í fyrri kosningum, og hefði verið raunin ef rannsóknin hefði ekki farið fram.

Rannsóknarsniðið og aðferðin við framkvæmd rannsóknarinnar eru þekkt og var hvort tveggja byggt á fyrirmyndum í erlendum rannsóknum. Sambærilegar og raunar mun umfangsmeiri tilraunir til þess að auka kjörsókn hafa verið gerðar a.m.k. bæði í Noregi og Danmörku. Þær rannsóknir hafa ýmist verið unnar í nánu samstarfi við þjóðþingið, sveitarfélögin eða aðrar opinberar stofnanir. Sambærileg bréf og smáskilaboð hafa þá verið

send út í þeirra nafni. Í báðum þessum löndum hafa rannsakendur fengið rafrænt eintak af kjörskrá til þess að vinna úrtak sitt og að loknum kosningum hafa þeir fengið rafræna skrá með upplýsingum um hvaða einstaklingar kusu og hverjir kusu ekki.

Í norskri rannsókn fyrir sveitarstjórnarkosningar 2015 voru send þrjú ólík bréf í nafni sveitarfélags (á bréfsefni sveitarfélags) til þess að auka kjörsókn innflytjenda og jafnframt athuga hvaða bréf væru áhrifaríkust. Á kjördag voru sendar tvær ólíkar tegundir smáskilaboða. Í bæði bréfa- og smáskilaboðahluta rannsóknarinnar voru samanburðarhópar sem fengu ekkert inn grip. Rannsóknin var hönnuð í samstarfi við “Integrerings- og mangfoldsdirektoratet” sem er opinber stofnun og hún fjármagnaði einnig sendingar bréfanna sem voru unnar í samstarfi við sveitarfélög á hverjum stað.

Í Danmörku var gerð rannsókn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2013 í samstarfi við þjóðþingið og aðrar opinberar stofnanir. Bæði var gerð rannsókn á bréfsendingum og smáskilaboðum. Í bréfarannsókninni var ungum nýjum kjósendum skipt í þrennt. Allir fengu eintak af dönsku stjórnarskránni sem gjöf frá þinginu. Einn hópur fékk stjórnarskrána ásamt bréfi í gamansömum stíl, annar hópur fékk hefðbundið bréf og þriðji hópurinn fékk ekki stjórnarskrána fyrr en eftir kosningar. Bréfin voru send og undirskrifuð af Folketinget, og í tilviki hefðbundna bréfsins með undirskrift forseta þingsins. Í rannsókn með smáskilaboðum var fyrst og fremst verið að rannsaka áhrif ólíkra tímasetninga skilaboðanna. Þau voru send í nafni sveitarfélagsins sjálfs.

Með bestu kveðju,
Magnús Þór Torfason

15. febrúar 2019

Rannsóknir sem vísað er í að ofan:

Norsk rannsókn:

https://www.regjeringen.no/contentassets/ee2a8da03a344dfcbb810c481cf25df8/gettng_ou_the_vote.pdf

Dönsk rannsókn:

http://www.kora.dk/media/2838366/kan_man_oge_valgdeltagelsen.pdf